



FUNDARGERÐ

Aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Austurlands 2018

Haldinn miðvikudaginn 24. október 2018 kl. 13:30

í Tehúsinu á Egilsstöðum

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2017
2. Ársreikningar 2017 lagðir fram
3. Umræða um liði 1 og 2
4. Fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár
5. Gjaldskrá HAUST nr. 1026/2015
6. Umræður um gjaldskrá og fjárhagsáætlun
7. Ný heilbrigðisnefnd tekur til starfa
8. Tillögur að breytingu á stofnsamþykkt byggðasamlagsins
9. Kjörinn löggiltur endurskoðandi
10. Kjörnir tveir skoðunarmenn ársreikninga og jafnmargir til vara
11. Önnur mál

Fundarmenn:

Nafn	Sveitarfélag	
Jón Björn Hákonarson	Fjarðabyggð	Formaður heilbrigðisnefndar
Karl Óttar Pétursson	Fjarðabyggð	Bæjarstjóri
Árni Kristinsson	Fljótsdalshérað	Varaformaður heilbrigðisnefndar
Björn Ingimarsson	Fljótsdalshérað	Bæjarstjóri
Vilhjálmur Jónsson	Seyðisfjarðarkaupstaður	
Andrés Skúlason	Djúpavogshreppur	Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Sandra Konráðsdóttir	Vopnafjörður	Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Sigríður Bragadóttir	Vopnafjörður	
Gunnþórunn Ingólfssdóttir	Fljótsdalshreppur	
Gunnhildur Imsland	Hornafjörður	
Leifur Þorkelsson		Framkvæmdastjóri HAUST
Lára Guðmundsdóttir		Staðgengill frkvstj. HAUST
Dröfn Svanbjörnsdóttir		Heilbrigðisfulltrúi
Borgþór Freysteinnsson		Starfsmaður HAUST

Jón Björn Hákonarson formaður heilbrigðisnefndar, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Jón Björn fól Birni Ingimarssyni, bæjarstjóra á Fljótsdalshéraði, fundarstjórn og Láru Guðmundsdóttur fundarritun og bað þessa aðila að taka til starfa.

Tafla yfir fjölda atkvæða og nöfn fulltrúa sveitarfélaga á aðalfundi HAUST 2018:

Sveitarfélag	Fjöldi atkvæða á aðalfundi 2018	Nafn fulltrúa sem fer með atkvæði sveitarfélags:
Vopnafjarðarhreppur	3	Sigríður Bragadóttir og Sandra Konráðsdóttir
Fljótsdalshreppur	1	Gunnþórunn Ingólfadóttir
Fljótsdalshérað	11	Björn Ingimarsson
Seyðisfjarðarkaupstaður	3	Vilhjálmur Jónsson
Borgarfjarðarhreppur	1	
Fjarðabyggð	15	Karl Óttar Pétursson
Djúpavogshreppur	2	Andrés Skúlason
Hornafjörður	8	Gunnhildur Imsland

1. Skýrsla stjórnar

Jón Björn Hákonarson, formaður heilbrigðisnefndar, flutti skýrslu stjórnar. Skýrslan fylgir fundargerðinni.

2. Ársreikningar 2017 lagðir fram

Leifur Þorkelsson framkvæmdastjóri, kynnti ársreikningana. Reikningarnir voru endurskoðaðir af KPMG og áritaðir af skoðunarmönnum. Reikningarnir voru lagðir fyrir heilbrigðisnefnd á fundi 12.9.2018 og þá afgreiddir til aðalfundar.

Helstu niðurstöðutölur ársreiknings 2017 eru sem hér segir:

	niðurstaða ársreiknings 2017	áætlun 2017
Rekstartekjur	76.028.648	74.143.736
Rekstargjöld	71.253.378	75.672.945
Rekstrarniðurstaða	4.775.270	1.529.209

Niðurstaða ársins var jákvæð og afgangur meiri en áætlun gerði ráð fyrir.

3. Umræður um liði 1 og 2

Til máls tóku Björn Ingimarsson, Jón Björn Hákonarson, Andrés Skúlason, Árni Kristinsson, Karl Óttar Pétursson, Sigríður Bragadóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir og Leifur Þorkelsson.

Leifur Þorkelsson ræddi breytingar á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er varðar þá breytingu að nú sé ráðherra heimillt að kveða á um skráningarskyldu atvinnureksturs í stað starfsleyfisskyldu. Skráning mun fara fram hjá Umhverfisstofnun en eftirlit með fyrirtækjunum verður áfram hjá heilbrigðiseftirliti.

Ennfremur var stuttlega kynnt reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Þar er gert ráð fyrir auknum kröfum um auglýsingar í ferli við starfsleyfisútgáfu fyrirtækja sem falla undir þessa reglugerð.

Ársreikningar fyrir árið 2017 voru bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

4. Fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár 2019

Leifur Þorkelsson kynnti fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár 2019.

Drögin voru samþykkt á fundi heilbrigðisnefndar þann 12.9.2018.

5. Gjaldskrá HAUST nr. 1026/2015

Leifur Þorkelsson framkvæmdastjóri kynnti tillögu heilbrigðisnefndar um óbreytta gjaldskrá fyrir árið 2019.

6. Umræður um fjárhagsáætlun 2019 og gjaldskrá

Til máls tóku Jón Björn Hákonarson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir

Tillagan að fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Tillagan um óbreytta gjaldskrá var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða

7. Ný heilbrigðisnefnd tekur til starfa

Jón Björn Hákonarson kynnti nýja Heilbrigðisnefnd ásamt því að þakka fráfarandi nefndarmönnum fyrir ánægjulegt samstarf. Þrír nýir aðalmenn koma nú inn í heilbrigðisnefnd. Davíð Þór Sigurðsson tekur sæti Árna Kristinssonar sem setið hefur í nefndinni í 10 ár sem varaformaður. Berglind Häsler tekur sæti Andrésar Skúlasonar sem setið hefur í nefndinni í 12 ár. Vilhjálmur Jónsson tekur sæti Söndru Konráðsdóttur sem setið hefur í nefndinni síðan í september 2015.

8. Tillögur að breytingu á stofnsamþykkt byggðasamlagsins

Leifur Þorkelsson lagði til breytingar á stofnsamþykkt Heilbrigðisnefndar Austurlands vegna sameiningar Fjarðabyggðar og Breiðdalshrepps og breytinga á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Eftirfarandi breytingar voru lagðar til:

3. grein er fyrir breytingu:

3. Starfssvæði HAUST er Austurlandssvæði sbr. 6. tl. 11. gr. laga nr. 7/1998 (fyrrum

“Austurlandskjördæmi”). Aðildarsveitarstjórnir eru sammála um að svæðið skiptist í eftirtaldar undirdeildir:

a) Norðursvæði: Vopnafjarðarhreppur, sveitarfélög á Fljótsdalshéraði, Borgarfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður

b) Miðsvæði: Fjarðabyggð og Breiðdalshreppur

c) Suðursvæði: Djúpavogshreppur og Hornafjörður

Lagt er til að 3. grein verði eftir breytingu:

3. Starfssvæði HAUST er Austurlandssvæði sbr. 6. tl. 45. gr. laga nr. 7/1998 Aðildarsveitarstjórnir eru sammála um að svæðið skiptist í eftirtaldar undirdeildir:

- a) Norðursvæði: Vopnafjarðarhreppur, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Borgarfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður
- b) Miðsvæði: Fjarðabyggð
- c) Suðursvæði: Djúpavogshreppur og Hornafjörður

9. Kjörinn löggiltur endurskoðandi

Lögð fram tillaga um að óska áfram þjónustu frá KPMG.

Tillagan samþykkt samhljóða.

10. Kjörnir tveir skoðunarmenn ársreikninga og jafnmargir til vara

Lagt er til að skoðunarmenn reikninga verði endurkjörnir, þ.e. Stefán Bragason, starfsmanna- og skrifstofustjóri Fljótsdalshéraðs og Ingunn Björnsdóttir, fjármálastjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Til vara Gunnþórunn Ingólfssdóttir, oddviti Fljótsdalshrepps og Jón Þórðarson, sveitarstjóri Borgarfjarðarhrepps.

Tillagan lögð fram og samþykkt samhljóða.

11. Önnur mál

JBH boðaði næsta heilbrigðisnefndarfundar og þakkaði starfsmönnum HAUST fyrir vel unnin störf.

Andrés Skúlason þakkaði fyrir samstarfið undanfarin 12 ár í Heilbrigðisnefnd.

Fundi var slitið kl. 14:22

Fundargerðina staðfesta:

Björn Ingimarsson
fundarstjóri

Leifur Þorkelsson
framkvæmdastjóri HAUST

Skýrsla stjórnar 2018

Heilbrigðisnefnd

Frá síðasta aðalfundi HAUST hefur Heilbrigðisnefnd Austurlands sem jafnframt er stjórn byggðasamlags um rekstur Heilbrigðiseftirlits Austurlands haldið sex fundi. Þar af voru fjórir símafundir þá hittist nefndin á fundi á Seyðisfirði í vor og aftur hér á Egilsstöðum nú í haust. Sú heilbrigðisnefnd sem formlega lætur af störfum síðar á þessum fundi hefur verið að mestu óbreytt frá því hún tók við á aðalfundi fyrir fjórum árum þó létu aðalmenn Vopnfirðinga og Hornfirðinga af störfum á miðju kjörtímabili og varamenn tóku þeirra sæti. Samkvæmt stofnsamningi um rekstur HAUST tekur ný nefnd til starfa á fyrsta aðalfundi eftir „hverjar reglulegar“ sveitarstjórnarkosningar. Það liggur fyrir að þrír aðalmenn af sjö láta í dag af störfum í nefndinni. Andrés Skúlason hefur verið fulltrúi Djúpvavogs frá árinu 2006 eða í 12 ár, Árni Kristinsson tók sæti í nefndinni í upphafi árs 2008 á því 10 ára setu að baki, allan þann tíma sem varaformaður, þá verður Sandra Konráðsdóttir fulltrúi Vopnfirðinga varamaður í nýrri nefnd en hún hefur verið aðalmaður frá því haustið 2015.

Starfsfólk

Hjá HAUST starfa nú 6 starfmenn í 4,6 stöðugildum.

Helga Hreinsdóttir sem gengt hefur stöðu framkvæmdastjóra HAUST frá árinu 1994 fékk að eigin ósk ársleyfi frá framkvæmdastjórastöðunni í febrúar sl. og hefur síðan þá starfað sem heilbrigðisfulltrúi í 80% starfi. Leifur Þorkelsson hefur sinnt framkvæmdastjórastöðunni í fjarveru Helgu og Lára Guðmundsdóttir hefur verið hans staðgengill.

Helga hefur nú sagt starfi framkvæmdastjóra lausu en jafnframt óskað eftir áframhaldandi starfi sem heilbrigðisfulltrúi í hlutastarfi, þar til hún fari að notfæra sér rétt til eftirlauna. Eitt af fyrstu verkum nýrrar Heilbrigðisnefndar verður því að ráða framkvæmdastjóra, nokkuð sem ekki er daglegt brauð hjá nefndinni.

Fjárhagur

Í tíð núverandi stjórnar var mörkuð sú stefna að reka byggðasamlagið hallalaust og láta tekjur standa undir kostnaði. Þetta hefur gengið eftir og undanfarin ár hefur verið lítilsháttar rekstrarafgangur árlega. Byggðasamlagið hefur því safnað lítilsháttar sjóði og var þar af leiðandi í stakk búíð að mæta óvæntum útgjöldum s.s. uppgjöri vegna jöfnunar lífeyrisréttinda.

Starfsumhverfi

Breytingar voru gerðar á lögum um matvæli á vorþingi og taka breytt lög gildi í upphafi næsta árs. Breytingarnar gera m.a. ráð fyrir því að heilbrigðiseftirlitið skrái og birti upplýsingar á sama hátt og Matvælastofnun. Nokkuð sem ætti að vel framkvæmanlegt í tilfelli HAUST en við höfum haft aðgang og notað eftirlitskerfi Matvælastofnunar undanfarin ár. Með lagabreytingunni er einnig gert ráð fyrir fastmótaðra samstarfi Matvælastofnunar og Heilbrigðisnefnda.

Breytt lög um hollustuhætti og mengunarvarnir tóku gildi í sumar. Í breyttum lögum er nú m.a. ákvæði sem heimilar ráðherra að setja reglugerð þar sem starfsleyfisskylda ákveðinna fyrirtækjaflokka verður afnumin og í stað þess tekin upp skráningarskylda. Þessi breyting var harðlega gagnrýnd, bæði af hálfu heilbrigðisnefnda og Sambandi Íslenskra sveitarfélaga sem benti m.a. á í umsögn sinni að með þessari útfærslu skapaðist óvissa um möguleika sveitarfélaga og heilbrigðisnefnda til að synja fyrirtæki um leyfi til að hefja mengandi atvinnurekstur í eða við íbúabyggð og jafnvel í bága við skipulag sveitarfélaga.

Enn er rétt að vekja athygli á þeirri skoðun Heilbrigðisnefndar Austurlands að nefndin og starfmenn hennar séu vel í stakk búin til að taka við frekari verkefnum frá ríkisstofnunum og að við teljum þau eiga betur heima í héraði.